

JOTAMASTIC 87 CC

Jotamastic 87 CC er tvíþátta, epoxýbundin grunn- og yfirmálning, með hátt hlutfall þurrefnis og gefur kost á mikilli filmuþykkt í umferð. Hentar þar sem hámarks undirbúningur næst ekki. Harðnar við hitastig allt að -5°C.

Hreinsun með handverkfærum í lágmark St 2 (ISO 8501-1:1988 / SS 05 5900). Vandaður undirbúningur eykur endingu. Þegar málað er yfir gamla málningu, skal flöturinn vera þurr og laus við óhreinindi.

Áhöld: Háþrýstisprauta. Pensill eða rúlla fyrir minni verk.

Blöndun herðis (rúmmál): 4 hl.A (stofn) á móti 1 hl.B (herðir), blandist 10 mín fyrir notkun.

Þynnir/Hreinsun áhalda: Epoxýþynnir, (Jotun þynnir Nr. 17)

Notatími (við 23°C): 1 klst. (lengist eftir því sem hitastigið lækkar)

Háþrýstisprauta, leiðbeiningar:
Þrýstingur við spíss: 15 MPa (150 Bar, 2100 psi.)

Spíss: 0,021" -- 0,031" (0,53 -- 0,79 mm)

Spauptugeisli: 40 -- 80°

Sigti: Athugið að sigti séu hrein.

Flöturinn sem mála á, skal vera minnst -5°C og lágmark 3°C yfir daggarmörkum loftsins. Daggarmörk skal meta við undirlagið. Þegar málað er í þröngu loftlitlu rými er góð loftræsting nauðsynleg. Notið ekki heitan loftblástur fyrir en leysi-efni hafa gufað úr málningarfilmunni, til að koma í veg fyrir innilokun þeirra. Hlífa skal **Jotamastic 87 CC** þar til filman er fullhörðnuð.

Þurrktími er almennt háður hreyfingu loftsins, hitastigi, filmuþykkt og fjölda málningarumferða. Tölurnar í töflunni miðast við:

- Góða loftræstingu (utanhúss eða eðlilega lofthreyfingu).
- Ráðlagða filmuþykkt.
- Eina umferð á óvirkt undirlag.



Hitastig undirl.	-5 °C	0 °C	5 °C	10 °C
Snertipurr	24 klst	18 klst.	12 klst.	6 klst.
Gegnumþurr	48 klst.	26 klst.	18 klst.	12 klst.
Fullharðnað	21 d.	14 d.	7 d.	3 d.

Yfirmálunartími

Lágmark	48 klst.	26 klst.	18 klst.	12 klst.
Hámark¹	---	---	---	---

¹ Sé tryggt að flöturinn sé laus við öll óhreinindi og hafi ekki mattast af völdum veðrunar þá er almennt ekki um hámark á yfirmálunartíma að ræða. Besta viðloðun milli umferða fæst samt sem áður þegar seinni umferðin er farin áður en sú fyrri er fullhörðnuð. Ef sól hefur skinið beint á málninguna um skeið þá verður að gæta vel að hreinsun og matta/fjarlægja ysta yfirborð málningarinnar til að ná góðri viðloðun.

Líta verður á tölurnar í töflunni hér að ofan sem leiðbeinandi. Raunverulegur yfirmálunartími getur verið lengri eða skemmri, háður málningunni sem fyrir er, filmuþykkt, málningarkerfinu sem var valið, fjölda umferða, loftræstingu, hitastigi, kröfum um meðhöndlun hlutanna, styrk filmunnar á fyrstu stigum o.fl.



Á handhreinsað eða sandblásið stál. Hentar einnig á stein og binst vel við flestar gerðir af gamalli málningu.

Er hægt að nota eina sér þar sem eða með ýmsum gerðum af grunnum og yfirmálningu. Veitir frábæra tæringarvörn bæði í söltu og ósöltu vatni. Sólarljós mattar yfirborðið.

Litir: Rauður 49, grár 38, gulur 2, grænn 137 og hvítgrár
Þurrefni (% af rúmmáli): 74 ± 2
Blossamark: 31°C
Áferð: Hálfmött
Gljáheldni: Viðunandi
Sveigjuþol: Gott
Vatnsþol: Mjög gott
Slitþol: Mjög gott
Leysiefnaþol: Gott
Efnaþol: Mjög gott

Efnisnotkun:

Filmuþykkt í umferð - mikron

	Þurr	Blaut
Möguleg:	150 - 250	200 - 340
Dæmigerð:	200	270

Reiknuð þekja - m²/l

Möguleg: 4,9 - 3,0

Dæmigerð: 3,7

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.